

Óendanleikinn framundan: Grímsvatnaaskjan og plánetan jörð

Anna Línadal¹ og ²Bjarki Bragason

¹Tómasarhagi 53,107 Reykjavík

²Listaháskóli Íslands, Laugarnesvegur 91, 104 Reykjavík

a.lindal@centrum.is; bjarkibragason@lhi.is

<https://doi.org/10.33799/jokull2020.70.139>

Leiðangur Hakon Wadell og Erik Ygberg á Vatnajökul árið 1919, fyrir rúmum hundrað árum má skoða sem birtingarmynd fjölbreyttra menningarlegra fyrirbæra. Tveir ungir námsmenn sem þráðu eitthvað stórkostlegt, að komast í snertingu við yfirþyrmandi ástand, ókannað landsvæði þar sem hættan bíður við hvert fót-mál. Þeir gerðu sér leiðangur frá Stokkhólmi á Vatnajökul til að finna eitthvað sem enginn annar hafði áður séð eða snert. Leiðangurinn var langur og strangur. Á jökulbreiðunni er svartapoka en þeir halda ferðinni áfram þangað til hestarnir taka af þeim völdin og neita að fara lengra. Þokunni léttir, og þá blasir náttúruundrið við; Grímsvatnaaskjan. Þegar Grímsvötn birtust fyrst á Íslandskorti árið 1720, teiknaði Peter Raben þau sem vatnaklasa inni á jöklinum. Árið 1920 birtir Wadell fyrsta kortið af Grímsvatnaöskjunni. Við það breytist Grímsvatnaaskjan úr því að vera hugmynd um stað yfir í kortlagt landsvæði. Núna árið 2020 búum við í veröld þar sem hver kimi af plánetunni jörð er myndaður með gervitunglum hvern einasta dag, aftur og aftur. Söguleg staðreynd sem breytir upplifun okkar af jörðinni og hugmyndum okkar um land/stað.

Í ferðum um Vatnajökul er auðvelt að upplifa hann sem ósnortna víðáttu, þrátt fyrir margendurteknar mælingar fram og til baka. Jökullinn er opið rými í stöðugri þróun sem aldrei er endanlegt. Grímsvötn, virkasta eldstöð á Íslandi er lifandi náttúrukerfi, sjálfstæð og ósnertanleg. Það má hugsa sér Grímsvatnaöskjuna sem ták/myndlíkinu fyrir plánetuna jörð. Með eldsumbrotum verður til nýtt land, ósnert

af manningum í örstutta stund. Við fyrsta tækifæri er maðurinn mættur á staðinn til að sjá, snerta, skoða, uppgötva og skrásetja jörðina með nýjustu tækni.

Það má halda því fram að gönguferð á svona stað skipti ekki máli, því veðrið og jarðhitinn sjái um að má út sporin þannig að þegar næst er komið á staðinn er hann aftur orðinn ósnortin víðáttu. Í stærra samhengi skiptir hvert fótspor máli. Þar sem fóturinn snertir jökulinn og líkamsþunginn þrýstir efsta laginu frá sér, verður eftir hvítur flötur, sem veldur meira endurkasti frá sólinni á jökullinn en þar sem öskudreifin liggur. Með sólarljósinu formgerist fótsporið sem skúlptúr og öðlast í smæð sinni táknrænt gildi (1. mynd).

Tvöþúsund nítjánhundruð og nítján

Myndlistarverkið Tvöþúsund nítjánhundruð og nítján var gert í tilefni þess að hundrað ár voru liðin frá leiðangri Wadell og Ygberg í Grímsvötn og kortlagningar þeirra á svæðinu. Verkið er nokkurskonar sambland af gjörningi og myndverki. Það samanstendur af skúlptúr í skála Jökklarannsóknarfélagssins á Grímsfjalli og athöfn sem fram fór á barmi Grímsvatnaöskjunnar í ferð sem Jökklarannsóknafélagið stóð að. Ferðin var í senn vinnuferð í skálana á Grímsfjalli og ferð sem farin var í tilefni afmælisins laugardaginn 31. ágúst 2019. Skúlptúririnn er í formi kökudiska sem á eru prentuð tvö kort af Vatnajökli (2. mynd). Á disknum sjálfum er kort sem sýnir gönguleið þeirra Wadell og Ygberg þvert yfir jökulinn en á þeirri hlið disksins sem